

Spáum 0,4% hækkun verðlags í desember

Greiningardeild spáir 0,4% hækkun verðlags í desember. Gangi spáin eftir eykst ársverðbólga úr 3,7% í 4,0%. Aukning ársverðbólgunnar stafar þó ekki af óvenjumikilli hækkun verðlags milli mánaða, heldur því hve sérkennileg desembermæling verðbólgunnar var á síðasta ári. Þá hækkaði verðlag aðeins um 0,06%, þvert á spá greiningaraðila sem gerðu ráð fyrir 0,3-0,4% hækkun.




Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

Það þarf ekki að tíunda höfuðverkinn sem flugliðurinn hefur valdið greiningaraðilum við verðbólguspágerð undanfarin ár, en breytingar á flugliðnum hafa reynst nokkuð slembnar. Þar sem hann hafði lækkað fjóra mánuði í röð áður en hann hækkaði lítillega í síðasta mánuði teljum við hann eiga inni lítilsháttar hækkun, eða um rúmt 0,1%, en það er jafnframt í takti við þróun liðarins í desember flest undanfarin ár.



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

Þá teljum við jafnframt að húsnæðisliðurinn verki til hækkunar VNV sem nemur um 0,07%, en það er í takt við þróun liðarins frá síðustu áramótum og við þá hækkun fasteignaverðs sem við teljum líklega á næstu mánuðum.



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

Síðan peningastefnunefnd Seðlabankans ítrekaði skuldbindingu bankans um stýrða flotgengisstefnu á vaxtaákvörðunarfundi þann 15. maí sl. hefur krónan sveiflast á mjög þröngu bili, eða á bilinu 210 og 220 á gengisvísitölu. Enda er kjarninn í hinu stýrða floti að Seðlabankinn leggist jafnt á móti styrkingu sem veikingu krónunnar með gjaldeyrisinngripum og dragi þannig úr gengissveiflum. Við höfðum áhyggjur af því að samfelld veikingarhrina frá ágúst og fram í nóvember gæti grafið undan traustinu sem heimili og fyrirtæki hefðu á þessari stefnu bankans, en þær áhyggjur hafa sem betur fer minnkað eftir að krónan tók að styrkjast hressilega undir lok nóvembermánuðar.

Þótt áhrifa styrkingarinnar gæti sennilega ekki með afgerandi hætti í verðbólgumælingunni í desember er hugsanlegt að verðbólguþróun verði eitthvað skaplegri en við höfðum gert ráð fyrir á næstu mánuðum, haldist krónan stöðug.



Heimild: Seðlabanki Íslands

Eldsneytisverð hækkaði lítið eitt á milli mælinga, en við gerum ráð fyrir að áhrif þessa á verðbólgumælingu desembermánaðar verði hverfandi. Þá gerum við jafnframt ráð fyrir óvissu vegna kjarasamninga þar sem fyrirtæki gætu verið farin að brynja sig fyrir áhrifum þeirra, en áhrifin á desembermælinguna eru þó sáralítil.

Bráðabirgðaspá: Gengisþróun og gjaldskrárfrystingar hraða verðbólguhjöðnun

Að öllu töldu sjáum við fram á meiri hjöðnun verðbólgu á næstu mánuðum en síðasta bráðabirgðaspá gerði ráð fyrir, en það er einkum vegna styrkingar krónunnar. Enn er lítill verðbólguþrýstingur erlendis frá, en verð á bensíni hefur haldist stöðugt og framvirkt verð á mörgum hrávörum er niðurhallandi. Ef fram fer sem horfir gæti verðbólga verið komin undir 3% í febrúar á næsta ári, þótt við sjáum fyrir okkur að verðbólga aukist lítillega upp frá því.


Eftir sem áður er matið þó háð verulegri óvissu, sem öðru fremur er bundin við innlenda efnahagsþróun; kjarasamninga og gengi krónunnar. Hætt er við að launagreiðendur fari nú í auknum mæli að gera ráð fyrir kostnaðarhækkunum í framhaldi af kjarasamningum og reynum við að taka tillit til þeirrar óvissu eins og kostur er. Þó sýnist okkur að tónninn í kjaraviðræðum bendi til þess að áhrif samninganna á verðlag verði minni en við töldum í síðustu bráðabirgðaspá. Þá gerum við áfram ráð fyrir að húsnæðisverð muni verka til hækkunar vísitölu neysluverðs.

Í bráðabirgðaspá Greiningardeildar til næstu þriggja mánaða er gert ráð fyrir óbreyttu eldsneytisverði, óbreyttu gengi krónunnar og að húsnæðisliður hafi áhrif til hækkunar um 0,07% í hverjum mánuði.

Janúar: -0,2%. Gerum ráð fyrir -0,6% útsöluáhrifum og einhverjum gengisáhrifum til lækkunar. Til hækkunar verka breytingar á krónutölusköttum upp á +0,3%. Í ljósi þess að velflest stærstu sveitarfélög landsins hafa heitið því að halda veigamiklum liðum gjaldskráa sinna óbreyttum um áramótin gerum við nú ekki ráð fyrir verulegum áhrifum af gjaldskrárhækkunum.

Febrúar: +0,9%. Útsöluáhrif ganga til baka til hálfs. Gerum ráð fyrir meiri hækkunaráhrifum vegna kjarasamninga en mánuðina á undan, en samningsbundnar launahækkanir hafa undanfarin tvö ár komið fram í febrúar. Þessi forsenda er auðvitað undirseld mikilli óvissu, en með henni reynum við að taka tillit til áhrifa kjarasamninganna eins og kostur er við spágerðina.

Mars: +0,7%. Útsöluáhrif ganga til baka til fulls. Áframhaldandi hækkunaráhrif vegna húsnæðis og annarra þátta.



Heimild: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar

Greiningardeild Arion banka

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is
444-6981

Erna Sverrisdóttir
ema.sverrisdottir@arionbanki.is
444-6991

Hafsteinn Hauksson
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is
444-6993

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is
444-6959

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

Hér má finna fyrirvara